


Velferðarnefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 3. nóvember, 2023

Meðfylgjandi er umsögn Rauða krossins á Íslandi um frumvarp til laga um breytingu á lögum um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974 (afglæpavæðing neysluskammta). Mál nr. 102.

Virðingarfyllst,
f.h. Rauða krossins,



Kristín S. Hjálmtýsdóttir
framkvæmdastjóri Rauða krossins á Íslandi



UMSÖGN RAUÐA KROSSINS

um

um frumvarp til laga um breytingu á lögum um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974
(afglæpavæðing neysluskammta).

154. löggjafarþing 2023-2024 Þingskjal 102 – 102. mál

Rauði krossinn þakkar fyrir það tækifæri sem hér gefst til umsagnar á ofangreindu frumvarpi.

Rauði krossinn stendur vörð um mannréttindi og virðingu einstaklinga og vinnur að skaðaminnkun, m.a. með verkefnum Frú Ragnheiði í Reykjavík, á Suðurnesjum og á Akureyri. Félagið hefur jafnframt beitt sér almennt fyrir ýmsum hagsmunamálum fólks sem notar ávana- og fíkniefni. Félagið er hluti af Alþjóðahreyfingu Rauða krossins og Rauða hálfmánans og vinnur að margs konar verkefnum á sviði mannúðaraðstoðar.

Rauði krossinn fagnar því að frumvarp um afgangnefndingu á vörslu neysluskammta sé lagt fram á ný og styður þær breytingar á löggjöfinni sem þar eru lagðar fram. Rauði krossinn styður þá stefnu að meðhöndla eigi vanda vímuefnanotenda í íslensku samfélagi í heilbrigðiskerfinu fremur en dómskerfinu.

Rauði krossinn tekur undir þann rökstuðning sem kemur fram í frumvarpinu um kosti þess að varsla á neysluskömmtum efna sem bönnuð er á íslensku forráðasvæði, skv. 1. mgr. 2. gr. sbr. 6. gr. laganna, ásamt svokallaðra lyfjaseðilsskyldra lyfja, sbr. 1. mgr. 3. gr. laganna, verði gerð refsilaus.

Verði frumvarpið að lögum er íslenska ríkið að taka þýðingarmikið skref í átt að gagnreyndri og mannúðlegri nálgun við vímuefnanotkun og vímuefnavanda með skaðaminnkandi hugmyndafræði að leiðarljósi. Þá mun aðgengi jaðarsettra einstaklinga, sérstaklega þeirra sem glíma við erfiðan vímuefnavanda, að heilbrigðisþjónustu, félagslegri þjónustu og viðbragðsþjónustu aukast til muna. Rauði krossinn telur mikilvægt að notendur vímuefna hafi greiðan aðgang að heilbrigðis- og velferðarþjónustu, án fordóma og jaðarsetningar. Dæmi eru um að einstaklingar sem glíma við vímuefnavanda veigri sér við að hringja eftir bráðaaðstoð eða leita sér aðstoðar af ótta við að lögregla geri neysluskammta þeirra upptæka og/eða vera handtekin vegna annars ólögmæts athæfis. Getur það jafnvel átt við í bráðatilfellum eins og við ofskömmtum á vímuefnum, heimilisofbeldi eða annarskonar ofbeldi. Bæði notendur vímuefna og það starfsfólk heilbrigðis- og velferðarþjónustunnar sem starfar með þeim þurfa að geta rætt opinskátt um mál sín án þess að eiga á hættu að nauðsynleg velferðarmál geti jafnframt talist refsiverð athæfi, þ.e.a.s. mál tengd neyslu vímuefna og vitneskja um neysluskammta. Það að tryggja að ekki verði hægt að fjarlægja neysluskammta af fólki er mikilvægt öryggismál fyrir jaðarsetta einstaklinga og auðveldar einnig starfsfólki á vettvangi að þjónusta og styðja við einstaklinga sem glíma við vímuefnavanda út frá þeirra þörfum.



Lagasetningin mun enn fremur styðja við uppsetningu og þróun skaðaminnkandi þjónustu í landinu og þau úrræði sem nú þegar eru til staðar fyrir einstaklinga með þungan vímuefnavanda, s.s. Frú Ragnheiði, Konukot, Gistiskýli, búsetuúrræði og dagsetur fyrir einstaklinga í virkri vímuefnanotkun.

Mikilvægt er að styrkja lagalega stöðu þessa úrræða og tryggja að öll úrræði fyrir einstaklinga sem nota vímuefni í æði geti veitt skjólstæðingum sínum öruggt neyslurými innanhúss til að lágmarka hættu á dauðsföllum vegna ofskömmtnar. Lagabreytingin er einnig í samræmi við þá heimild sem er að finna í 2. gr. a. laganna um neyslurými en ljóst er að lögin um neyslurými ná ekki fram markmiði sínu að fullu fyrir en varsla neysluskammta verður afglæpavædd.

Rauði krossinn vill þó lýsa vonbrigðum sínum á því að kaup á neysluskömmtum sé ekki gert refsilaust á sama hátt og varsla þeirra í frumvarpinu. Eðli máls samkvæmt þurfa notendur að kaupa þau efni sem þau neyta og hafa í vörslu sinni og því óeðlilegt að mati félagsins að sá þáttur ferlisins sé ekki hafður með í frumvarpinu. Er hætta á að sá ávinningur sem frumvarpinu er ætlað að hafa muni ekki raungerast ef kaupin eru undanskilin í lagabreytingunni.

Rauði krossinn á Íslandi hefur fengið góða innsýn í málaflokkinn varðandi stöðu og veruleika einstaklinga sem glíma við þungan vímuefnavanda í gegnum skaðaminnkunarverkefni félagsins. Vert er að taka fram að skjólstæðingar þessara verkefna eru alla jafna verulega jaðarsettir vegna vímuefnavandans og fjölmargir þeirra glíma við heimilisleysi. Þau löglegu og ólöglegu vímuefni sem skjólstæðingar Rauða krossins eru háðir eru í langflestum tilfellum keypt á ólöglegum markaði og einnig fjármögnuð eftir ólöglegum leiðum. Reynsla Rauða krossins er sú að þegar lögregla gerir neysluskammta upptæka eykst örvænting jaðarsetts einstaklings með vímuefnavanda. Þannig má leiða líkur að því að ef neysluskammtur einstaklings er gerður upptækur ýti það einstaklingnum enn frekar í átt að ólöglegu athæfi til fjármögnunar. Staða þess einstaklings verður þannig sífellt verri og vandi hans eykst. Að taka neysluskammta af fólki sem glímur við erfiðan og virkan vímuefnavanda getur því verið skaðaaukandi bæði fyrir einstaklinginn og samfélagið.

Rauði krossinn fagnar því að löggjöfin nái einnig til lyfja sem eru heimiluð í læknisfræðilegum og vísindalegum tilgangi, þ.e. lyfseðilsskyld lyf (sbr. 1. mgr. 3. gr. laga um ávana- og fíkniefni). Reynsla og gögn úr skaðaminnkunarverkefnum Rauða krossins sýna að jaðarsettir einstaklingar eru oftast en ekki háðir notkun lyfseðilsskyldra lyfja í æði og er það reynsla Rauða krossins að lögreglan geri slík lyf upptæk til jafns við ólögleg vímuefni. Einstaklingar sem leita til skaðaminnkunarverkefna Rauða krossins lýsa því að lyfseðilsskyld lyf séu gerð upptæk vegna gruns lögreglu um að þau hafi mögulega verið keypt ólöglega en ekki uppáskrifuð fyrir einstaklinginn sem hefur lyfið undir höndum.

Rauði krossinn telur afar mikilvægt að við reglugerð um skilgreiningu á stærð neysluskammta verði samráð haft við notendur svo rammi verði myndaður sem sé í samræmi við aðstæður á Íslandi. Í því samhengi vill Rauði krossinn þó benda á að óheppilegt gæti verið að hafa viðmið um 10 daga neysluskammt í lögnum, þar sem um háan skammt er að ræða. Með það fyrir augum að mikilvægt sé fyrir þjónustupega Rauða krossins að frumvarp þetta nái fram að ganga, leggur félagið til að dagafjöldi neysluskammta verði minnkaður.



Rauði krossinn lýsir sig fúsan til samstarfs með þann stuðning sem félagið getur veitt. Fulltrúar Rauða krossins eru tilbúnir að hitta velferðarnefnd Alþingis til frekari viðræðna um frumvarpið og gera grein fyrir sjónarmiðum félagsins sé þess óskað.

Gögn til stuðnings umsögn Rauða krossins:

- Joint United Nations Statement on Ending Discrimination in Health Care Settings - <https://www.who.int/en/news-room/detail/27-06-2017-joint-united-nations-statement-on-endingdiscrimination-in-health-care-settings>
- Advancing Drug Policy Reform: A New Approach To Decriminalization - <https://www.globalcommissionondrugs.org/reports/advancing-drug-policy-reform>

